

**11. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 12. júní 2023
og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Gerður Rán Freysdóttir (GRF), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Hafdís Helga Bjarnadóttir (HHB) og Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Starfsemi leikskóla starfsárið 2023-2024 - 2306255

Lagt fram minnisblað frá skólastjórnendum dags. 12.06.2023 varðandi starfsemi leikskóla starfsárið 2023-2024.

Í minnisblaðinu er farið yfir mögulegar aðgerðir vegna þeirra áhrifa sem stytting vinnuvikunnar hefur á starfsemi leikskóla. Í minnisblaðinu kemur fram tillaga um tvær mögulegar leiðir: annars vegar að styttingu verði mætt með samstillingu skólastiga þar sem starfsfólk leikskólans tekur styttinguna í uppsöfnuðum dögum yfir skólaárið sem væru þá samtals 6 dagar; hins vegar að stytting sé tekin út vikulega þannig að leikskóladeildin loki á föstudögum kl. 14:30. Þriðja leiðin væri hækkað starfshlutfall starfsmanna á leikskóla um hálf til eitt stöðugildi, en til að mæta því þyrfti viðbótarfjárveitingu til starfsins.

Fræðslunefnd telur að besta staðan væri að hækka starfshlutfall á leikskóla til að koma í veg fyrir að það þurfi að skerða þann tíma sem þjónustan er í boði. Slíkt myndi kalla á aukið fjármagn til rekstursins. Sé sú leið ekki fær telur nefndin að kanna eigi hjá foreldrum hvor leiðin hugnist þeim betur, þ.e. vikuleg stytting eða fleiri frídagar, og þannig fá upplýsingar sem skólastjórnendur geta byggt sína ákvörðun á.

2. Innra mat 2023 - 2306254

Skýrsla vegna innra mats Tálknafjarðarskóla 2022-2023 lögð fram ásamt umbótaáætlun. Fræðslunefnd þakkar greinargóða skýrslu og áréttar mikilvægi þess að hún sé nýtt sem tæki í þeim ákvörðunum sem sveitarstjórn þarf að taka vegna skólastarfs.

3. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023 - 2208001

Lagt fram minnisblað um stöðu verkefna hjá Tálknafjarðarskóla og fylgdi skólastjóri því eftir.

Fræðslunefnd þakkar skólastjóra góða yfirferð.

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps tekur undir með skólastjóra um afleita tímasetningu verkefnisins "Sjálfsmat fyrir stefnumótun um úthlutun og ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla", sem er á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Að leggja slíkt verkefni á skólastjórnendur á álagstíma nálægt skólaslitum rýrir gæði verkefnis sem annars væri

11. fundur
15.06.2023

ágætt.

Fræðslunefnd Tálknafljarðarhrepps fagnar verkefninu "Viltu fjárfesta í okkur?" sem er framsækið, spennandi og byggir á góðri vinnu nemenda og starfsfólks. Nefndin hvetur fyrirtæki á svæðinu til að bregðast við og styðja við verkefnið með framlögum.

4. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2023 - 2305137

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 16.05.2023 þar sem tilkynnt er um ákvörðun stjórnar Námsleyfasjóðs vegna úthlutunar úr sjóðunum fyrir árið 2023.

Lagt fram.

Fram kemur að eitt verkefni frá Tálknafljarðarskóla hlaut styrk í þetta skiptið.

5. Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026 - 2306245

Erindi frá Menningar- og viðskiptaráðuneytinu dags. 06.06.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 107/2023 "Drög að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu".

Lagt fram.

Fræðslunefnd Tálknafljarðarhrepps fagnar að unnið sé á vegum ríkisins að aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu og leggur áherslu á að horft sé til skólastarfs í dreifðari byggðum í því verkefni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:55.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Gerður Rán Freysdóttir (GRF)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Hafdís Helga Bjarnadóttir (HHB)

Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓÁ)